



Reykjavík, 6. maí 2020
2020030012


Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Samningur Reykjavíkurborgar við Skáksamband Íslands frá 2018 rennur út um næstu áramót vegna Reykjavíkurskákmóts.

Hjálagt fylgja drög að nýjum samningi við Skáksambandið til þriggja ára vegna Reykjavíkurskákmóta.

Lagt er til að menningar-, íþróttá- og tómstundaráð samþykki samninginn fyrir sitt leyti og vísi honum til staðfestingar borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Ómar Einarsson.

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd styrkveitandi annars vegar og Skáksamband Íslands kt. 580269-5409, hér eftir nefndur styrkþegi hins végars, gera með sér svohljóðandi

S A M N I N G

1. gr.

Til að styðja við kostnað af móttshaldi við Reykjavíkurskákmót mun styrkveitandi veita styrkþega árlegan styrk að fjárhæð kr. 4.000.000.- á tímabilinu 2021 til 2023. Samtals nemur fjárhæðin kr. 12.000.000.- á samningstímanum.

2. gr.

Styrkur styrkveitanda samkvæmt samningi þessum er veittur til stuðnings við Reykjavíkurskákmót árin 2021, 2022 og 2023.

Einnig er fyrirhugað að mótið 2021 verði jafnframt EM einstaklinga í skák.

3. gr.

Á öllu kynningarrefni styrkþega skal koma fram að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

4. gr.

Við lok samningstímans skulu styrkþegar skila ítarlegri greinargerð til Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur hvernig styrknum var ráðstafað á hverju ári sem og ársreikningur eftir því sem við á. Skáksambandið skal árlega leggja fram yfirlit yfir iökendafjölda í skákhreyfingunni, eftir aldri og kyni.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

5. gr.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í febrúar á ári hverju og verður greiddur á reikning nr. 101-26-12763, kt. 580269-5409.

6. gr.

Gildistími samnings þessa er frá undirritun hans til 1. desember 2023. Hvor aðili um sig getur þó sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Greiðslur samkvæmt samningi þessum eru jafnframt háðar ákvörðunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

7. gr.

Ef sýnt þykir að framlag styrkveitanda hafi verið notað í öðrum tilgangi en samningur þessi eða væntingar styrkveitanda standa til, eða ef styrkþegar uppfylla ekki ákvæði samningsins að öðru leyti, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta að öllu leyti og rifta samningnum.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafa fullt umboð til að skuldbinda samningsaðila í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík, 2020.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Skáksambands Íslands.

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun: